

## Auglýsing um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum og unnum kjötvörum frá Bretlandi.

Með vísan til sérstaks sammings milli Íslands, Noregs, Liechtenstein og Bretlands um viðskipti með landbúnaðarvörur, á grundvelli 65. gr. B búvörulaga nr. 99/1993 og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og til reglugerðar um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á ostum og unnum kjötvörum frá Bretlandi nr. 1169/2024, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutning á landbúnaðarvörum, upprunnum í Bretlandi og með upprunavottorð þaðan fyrir tímabilið **1. janúar – 31. desember 2025**:

Úr tollskrárn.	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Úr 0406	Ostur og ystingur (*)	01.01. - 31.12.25	11.000	0	0
0406	Ostur og ystingur	01.01. - 31.12.25	19.000	0	0
1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum, blóð eða skordýr, unnið eða varið skemmdum	01.01. - 31.12.25	18.300	0	0

(\*) Upprunavörur með vernduðum upprunataknum (VUT) og/eða verndaðri, landfræðilegri merkingu (VLM) sem fellur undir tollskrárlíð 0406.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Berist umsóknir um meira magn innflutnings vara úr vörulið úr 0406(\*) en auglýstum tollkvóta nemur skal tollkvótanum úthlutað eftir hlutkesti. Úthlutun er ekki framseljanleg.

**Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu [tollkvoti.is](http://tollkvoti.is). Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá matvælaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við skrifstofu landbúnaðar í síma 545-9700 eða eða á [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).**

Opnað verður fyrir umsóknir á [tollkvoti.is](http://tollkvoti.is); fimmtudaginn 7. nóvember 2024 og skulu umsóknir berast **fyrir kl. 23.59, mánudaginn 18. nóvember 2024.**

*Matvælaráðuneytinu,  
7. nóvember 2024.*